

**28. fundur Fræðslu-,menningar-,íþróttu-, æskulýðsnefnd  
haldinn Strandgötu 38, 2. apríl 2019  
og hófst hann kl. 18:00.**

**Fundinn sátu:**

Eva Dögg Jóhannesdóttir (EDJ), Nancy Rut Helgadóttir (NRH), Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH), Bryndís Sigurðardóttir (BS), og Jenný Lára Magnadóttir (JLM).

**Fundargerð ritaði:** Bryndís Sigurðardóttir, sveitarstjóri

**Dagskrá:**

**1. Skóladagatal 2019-2020 - 1903107**

*Nokkur umræða var um skóladagatalið og hafa kennarar gert nokkrar athugasemdir, til dæmis að flytja starfsdag sem skráður er 9. mars fram um viku. Jafnvel mætti svo færa starfsdag í janúar fram til 2. janúar en samkvæmt dagatalinu á skóli að byrja 2. janúar.*

*Nefndin er ekki einhuga hvað varðar vetrarfrí og telur að lengd viðvera þurfi að grípa boltann á þeim dögum, sömuleiðis leggur nefndin til að stefna skuli að lengingu á lengdri viðveru næsta vetur.*

*Starfsdagur leikskóla sem skráður er 2. júní mætti færa til 15. ágúst.*

*Nefndin leggur áherslu á að leikskólinn skuli vera opinn á almennum vinnudögum.*

*Skóladagatalið verður tekið aftur til umræðu og endanlegrar afgreiðslu á næsta fundi.*

**2. Styrkur beiðni um styrk vegna Samfés - 1903083**

*Nefndin leggur til að styrkur upp á 50.000 vegna Samfés verði samþykktur.*

**3. Til umsagnar Velferðarnefnd Alþingis sendir yður til umsagnar frumvarp til laga um rétt barna sem aðstandendur, 255. mál. - 1902560**

*Málinu vísað til Velferðarnefndar.*

**4. Til umsagnar Velferðarnefnd Alþingis sendir yður til umsagnar tillögu til þingsályktunar um velferðartækni, 296. mál. - 1902558**

*Málinu vísað til Velferðarnefndar*

**5. Stundatöflur 2018-2019 - 1903114**

**6. Upplýsingar frá íþróttu og tómstundafulltrúa - 1903013**

**7. Til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni (neyslurími), 711. mál. - 1903094**

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:00.**

---

Eva Dögg Jóhannesdóttir  
(EDJ)

---

Nancy Rut Helgadóttir (NRH)

---

Jóhann Örn Hreiðarsson  
(JÖH)

---

Bryndís Sigurðardóttir (BS)

---

Jenný Lára Magnadóttir